



Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi

Fundargerð

120. stjórnarfundur Símenntunar á Vesturlandi var haldinn kl. 9 þriðjudaginn 21.mars 2023.

Fundurinn var haldinn á teams. Mætt: Bjarki Þorsteinsson formaður, Anna Jóna Kristjánsdóttir, Silja Steingrímsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Jóhanna María Sigmundsdóttir og Guðrún Vala Elísdóttir framkvæmdastjóri. Auk þess sat Elva Pétursdóttir frá KPMG fundinn.

Á dagskrá var **Ársreikningur 2022** og **aðalfundur 2023**.

Framkvæmdarstjóri fór yfir hvern lið í ársreikningi.

- 1) **Rekstarreikningur 2022.** Rekstrartekjur voru **136.558.965** á móti **107.471.338** á árinu 2021. Þar munar helst um aðrar tekjur vegna nýrra verkefna (fyrirtækjaþjónusta, greiðsla vegna fjarprófa, þjónusta við flóttafólk og endurleiga á húsnæði) og hærri styrkja og tekna vegna fleiri námskeiða. Rekstrargjöld voru **131.851.463** á móti **112.177.357**, þar er launa- og námskeiðskostnaður hærri sem skýrist af starfsmannabreytingum og auknum fjölda námskeiða. Afkoma ársins er því **4.269.276** í rekstrarafgang á móti **(3.453.139)** tapi á árinu 2021. **Efnahagsreikningur 2022.** Eigið fé og skuldir í árslok er **38.065.368** en var **38.374.780** árið 2023. **Sjóðsstreymi 2022.** Handbært fé í árslok var **24.733.321** en **31.255.454** á árinu 2021. Stjórn samþykkir ársreikning sem verður sendur á stjórn til rafrænnar undirritunar.
- 2) **Aðalfundur 2023** verður haldinn 22.mars að Hótel Hamri kl. 10:15.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:20.